

legt, að sök kærðs varði 400 kr. sekt, er renni í rikissjóð, en til vara komi 20 daga varðhald, ef sektin verði eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa. Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Jóni Jóhannessyni, málflutningsmanni, Siglufirði, og umboðsmanni móður þess, er dó af slysinu, hafði verið tilkynnt af dóm-aranum, að móðirin ætti þess kost að koma að skaðabótamáli gegn kærðum í máli þessu, en hann lét dómarrann vita, að þess væri ekki óskað.

Á máli þessu hefur enginn óþarfur dráttur orðið.

**Þvi dæmist rétt vera:**

Kærður, Magnús Magnússon ishústjóri, Siglufirði, greiði 400 kr. sekt í rikissjóð, en sæti til vara 20 daga varðhaldi, ef sektin greiðist ekki innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa.

Svo greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. janúar 1945.

Nr. 56/1944. **Réttvísing og valdstjórnin**

(Sigurgeir Sigurjónsson)

gegn

**Friðriki Guðmanni Sigurðssyni**

(Gústaf A. Sveinsson).

Bifreiðalagabrot. Manndráp af gáleysi.

**Dómur hæstaréttar.**

Fallast má á atvikalýsingu hins áfrýjaða dóms, ástæður þær, sem færðar eru þar fyrir sakfellingu ákærða, og heimfærslu brots hans undir refsíakvæði að öðru en því, að brotið varðar einnig við 38. gr. laga nr. 23/1941. Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða varðhald, svo ber og að svipta ákærða leyfi til að aka bifreið um 3 ár frá upp-sögu dóms hæstaréttar.

Samkvæmt þessu ber að staðfesta ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað og dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunar-kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

## Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði, Friðrik Guðmann Sigurðsson, sæti varðhaldi 3 mánuði.

Hann skal sviptur ökuleyfi 3 ár frá uppsögu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað staðfestist.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Sigurgeirs Sigurjónssonar og Gústafs A. Sveinssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

## Dómur aukaréttar Skagafjarðarsýslu 28. desember 1943.

Ár 1943, þriðjudaginn 28. desember, var í aukarétti Skagafjarðarsýslu, sem haldinn var í sýsluskrifstofunni á Sauðárkróki af hinum reglulega dómara Sigurði Sigurðssyni sýslumanni, kveðinn upp svo hljóðandi dómur í málinu:

Réttvísinn og valdstjórnin gegn Friðriki Guðmanni Sigurðssyni.

Mál þetta er höfðað gegn ákærða, Friðriki Guðmanni Sigurðssyni bifreiðarstjóra, til heimilis á Sauðárkróki, fyrir brot gegn 23. kafla hinna almennu hegningarlaga nr. 19/1940, bifreiðalögum nr. 23/1941 og lögreglusamþykkt fyrir Skagafjarðarsýslu nr. 71/1937, og var málið dómtekið 6. þessa mánaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna. Hann er fæddur 22. maí 1917 að Steiná í Bólstaðarhliðarhreppi í Húnavatnssýslu. Hann hefur aldrei sætt refsingu.

Hinn 12. janúar síðastliðinn um það bil kl. 3 síðdegis ók ákærði vörubifreiðinni K 2 frá kolaporti í miðju kauptúninu hér á Sauðárkróki norður aðalgötu kauptúnsins. Hafði hann tekið í bifreiðina 500 kg af kolum, sem hann ætlaði að flytja út að bænum Innstalandi á Reykjaströnd. Tveir menn sátu hjá honum frammi í bifreiðinni, þeir Otto Geir Þorvaldsson og Björgvin Brynjólfsson, verkamenn á Sauðárkróki. Vegurinn frá Sauðárkróki út á Reykjaströnd liggur norður aðalgötu kauptúnsins, unz hann beygist í norðvestur í nokkuð krappri beygju milli húsanna Villa Nova að sunnan og svokallaðs Þverhúss að norðan. Er Þverhús þvert fyrir norðurenda aðalgötunnar áður en hún beygist vestur í sunni milli nefndra húsa.

Þegar ákærði ók norður götuna, eins og áður er getið, voru undir suðurhlið Þverhúss þeir drengir héðan úr kaптúninu, þeir Helgi Jósefsson, 14 ára gamall, Gisli Lárusson Blöndal, 7 ára gamall, og Haukur Þorsteinsson, fastnær 11 ára. Var Helgi vestastur þeirra drengjanna og sat á trékassa-kassabil, sem smádrengir hér í kaптúninu hafa að leikfangi, en næstur honum að austan var Gisli Blöndal, en Haukur Þorsteinsson austastur. Drengirnir voru saman svo að segja í röð hver við annars hlið fast upp við húsvegginn.

Þegar ákærði kom að því að beygja í vestur á milli húsanna, náði hann ekki götubeygjunni, og rann bifreiðin nær því beint á suðurvegg hússins, þar sem frammanfendir drengir voru fyrir. Urðu þeir Helgi Jósefsson og Gisli Blöndal báðir fyrir bifreiðinni. Beið Helgi þegar bana, og Gisli meiddist nokkuð, en Haukur fékk vikið sér svo mikið til austurs, að hann komst naumlega hjá, að hægra framhjól bifreiðarinnar snerti hann, og slapp því ómeiddur og áverkalaus.

Lík Helga heitins Jósefssonar var skoðað af héraðslækninum Torfa Bjarnasyni, sem undireins eftir slysið var kvaddur til þess af lögreglustjóra að lýsa dánarorsök. Lýsti læknir svo, að drengurinn hefði dáíð nær samstundis og hann varð fyrir bifreiðinni. „Hafði hann meðal annars opið brot á höfuðkúpu, brot á hryggjarliðum, liðhlaup í mjöðm og að líkindum fleiri áverka, er ekki verða greindir án krufningar.“ Lögreglan athugaði bifreiðina eftir slysið, og reyndust hemlar hennar vera í góðu lagi og bifreiðin að öllu leyti í góðu lagi. Lögreglan gerði þá og undireins eftir slysið allar þær athuganir á vettvangi, sem að hennar dómi varð viðkomið, og var gerður afstöðuuppdráttur af vettvangi, sem lagður hefur verið fram í málinu. Bjart var af degi, þegar slysið varð, og háлка á götunni, sem ekið var eftir.

Ákærði kveðst hafa ekið bifreiðinni með 15—20 kílómetra hraða, þar til hann kom að því að beygja til vinstri handar vestur í sundið á milli framangreindra húsa. Hann kveðst raunar hafa dregið nokkuð úr þessum hraða, rétt áður en hann kom að beygjunni, en ekki beitt fóthemlinum að fullu og öllu, fyrr en hann fann, að bifreiðin lét ekki að stjórn hans, þá er hann vildi vikja henni til vinstri handar vestur eftir vegarbeygjunni, til þess að komast fram hjá Þverhúsi. En honum tókst ekki að snúa bifreiðinni að nokkru ráði upp og vestur í götusundið, heldur rann hún, að hans eigin frásögn, nær því beint á húsvegginn, þar sem drengirnir voru fyrir. Segir hann, að hæg ferð hafi verið á bifreiðinni, þegar hún kom að húshliðinni, og kveðst hyggja, að hún hafi aldrei snert sjálfan húsvegginn, en lent á „kassa-bilnum“ og drengjunum tveimur, sem urðu fyrir henni. Telur hann, að orsökkin til þess, að bifreiðin lét ekki að stjórn, hafi verið í því fölgín, hve hált var á götunni. Keðjur voru á báðum afturhjólum

bifreiðarinnar, og kveðst ákærði ekki hafa fundið nokkurn hlut í ólagi í búnaði hennar, þegar slysið varð, heldur hafi hún verið í bezta lagi að öllu leyti. Ákærði hefur játað, að þeir Otto Geir Þorvaldsson og Björgvin Brynjólfsson hafi báðir setið hjá honum á bekk bifreiðarstjórans, enda þótt þar sé ekki sæti fyrir nema einn mann. Hann kveðst ekki hafa litið á hraðamæli bifreiðarinnar áður en slysið bar að höndum, en framburður hans um hraðann sé byggður á ágizkun hans og hraðinn miðaður við, að mælirinn sé merktur fyrir kílómetra. Hann kveðst ekki hafa gefið hljóðmerki áður en bifreiðin rann að húsveggnum.

Framangreindir menn, sem voru í bifreiðinni hjá ákærða, hafa báðir borið vitni í málinu. Hefur vitnið Otto Geir Þorvaldsson, sem sat við hlið ákærða, borið undir eiðstilboð, að hann hafi litið á hraðamæli bifreiðarinnar, þegar hún kom til móts við símastaura, sem eru sinn hvoru megin við götuna, rétt sunnan við Villa Nova, og stóð mælirinn þá á 20. Símastaurinn vestanvert við götuna er merktur 1) á framangreindum vettvangsupprætti í málinu, og er hann í 37,5 metra fjarlægð í beinni línu frá suðurvegg Þverhúss, þar sem bifreiðin lenti. Skýrir vitnið svo frá, að þegar komið var þar að, sem gatan beygir til vesturs upp á milli Villa Nova og Þverhúss, sá vitnið, að ákærði sneri stýrinu til vinstri og steig jafnframt á fóthemilinn, en snúningur stýrisins virtist ekki verka, því bifreiðin rann eftir sem áður beint áfram. Aftur á móti segist vitnið hafa skynjað, að hemlarnir verkuðu, svo að hraði bifreiðarinnar dvínaði undireins, og staðhæfir vitnið, að bifreiðin hafi verið að fullu stöðvuð, áður en hún kom alveg að húsveggnum, svo að hún snerti hann aldrei. Vitnið kom fyrstur manna að drengjunum, undireins þegar bifreiðin var stöðvuð. Lá Gísli Blöndal fyrir hægra hjóli bifreiðarinnar, og var ekkert ofan á honum. Greip vitnið drenginn og fékk hann í hendur konu, sem í sömu andrání kom út úr Þverhúsi. Vék vitnið þá undireins að Helga heitnum. Lá hann alveg fast upp við húsvegginn, beint framan við bifreiðina. Tók vitnið hann í fang sér og bar hann inn í húsið. Gaf drengurinn þá hljóð frá sér, en þegar vitnið lagði hann á legubekk inni í húsinu, virtist því hann gefa upp öndina. Varð vitnið blóðugt á höndum við það að snerta drenginn.

Framburður vitnisins Björgvins Brynjólfssonar er samhljóða vitnisburði Ottos Geirs Þorvaldssonar í öllum atriðum, sem skipta máli. Vitnið segir, að bifreiðinni hafi verið ekið með meðalhraða, eftir því sem gerist á götum kauptúnsins, en talsvert minni hraða en á vegum utan þess. Þegar komið var móts við suðurenda hússins Villa Nova, virtist vitninu vera dregið úr ökuhraðanum. En þegar vegurinn tók að beygja upp og til vesturs á milli Villa Nova og Þverhúss, sá vitnið, að ákærði sneri stýrishjólinu, en það virtist engan árangur bera svo, að bifreiðin breytti stefnu. En þá tók

ákærði til að bremsa. Virtist vitninu hemlarnir vinna svo, að bifreiðin var nær því stöðvuð, þegar hún kom að húsveggnum, og stöðvaðist alveg, er hún kom fast að húshliðinni. Stukku þeir Öfjo Geir þá undireins út úr bifreiðinni til drengjanna, sem urðu fyrir henni. Var fyrst, að því er virtist, lífsmark að sjá með Helga heitnum, en hann mun hafa dáð bráðlega í þessum svifum.

Drengurinn Haukur Þorsteinsson ber í málinu, að hann hafi ekki séð, að bifreiðin snerti sjálfan húsvegginn, en honum virtist, að höfuð Helga heitins hafi orðið á milli framvara bifreiðarinnar og veggjarins. Drengnum virtist bifreiðin fara mjög hart, þegar hann sá hana koma sunnan götuna. Og ekki höfðu þeir drengirnir neitt ráðrúm til að forða sér, enda virtist svo sem bifreiðin myndi ná beygjunni upp og vestur á milli húsanna.

Við athugun lögreglunnar á vettvangi mátti sjá 9 metra löng hemlaför bifreiðarinnar, þar af ca. 2,15 m á ísaðri götunni, en ca. 6,8 m í snjónum milli götunnar og Þverhúss. Má af þessu marka, að bifreiðin hefur runnið á hálkunni út af götunni og að húsveggnum án þess að breyta stefnu að nokkru ráði, þrátt fyrir að stýri og hemlum var beitt.

Með því að ekki þótti fullvist um, fyrir hvaða vegalengdir hraðamælir bifreiðarinnar væri merktur, var þetta atriði sérstaklega tekið til rannsóknar af bifreiðaeftirliti ríkisins í Reykjavík, eftir að bifreiðin var flutt þangað. Leiddi rannsókn þessi í ljós, að hraðamælirinn telur í kílómetrum, en vegna breytinga, sem gerðar höfðu verið á afturhjólum bifreiðarinnar, áður en hún var seld hingað, sýndi mælirinn 14% minni hraða og vegalengd en rétt var.

Jafnskjótt og lögreglan fékk vitneskju um slysið, hlutaðist hún til um, að læknir rannsakaði ástand ákærða, sérstaklega að því leyti, hvort hann væri undir áhrifum áfengis. Fann læknirinn engin deili til þess, að svo hefði verið, og kemur þetta heim við vitnisburð vitnisins Otto Geirs Þorvaldssonar, sem hafði verið með ákærðum áður um daginn, enda vitanlegt, að ákærði neytir ekki áfengis.

Með tilvísun til frásagnarinnar hér að framan þykir mega telja það nægilega upplýst, að ákærður hefur ekið bifreiðinni með nær því 23 kílómetra hraða, þá er hann átti ekki lengri vegalengd eftir að framangreindri götubeygju sunnan slyssaðarins en ca. 25 metra og tæpa 40 metra að húshliðinni, þar sem drengirnir voru. Og þegar þess er gætt, að gatan var ísi lögð og mjög hál samkvæmt eigin játningu ákærða, er það að réttarins áliti engum vafa bundið, að orsökina til slyssins er skortur ákærða á nauðsynlegri og skyldri aðgæzlu og varfærni við aksturinn, sem verður að gefa honum að sök í máli þessu. Þykir brot hans varða við 215. gr. hinna almennu hegningarlaga, 14. gr. og 26. gr. bifreiðalaganna og 35. gr. framan-

greindrar lögreglusamþykktar fyrir Skagafjarðarsýslu, og þykir refsing hans með hliðsjón af 77. gr. hinna almennu hegningarlaga hæfilega ákveðin varðhald í 30 daga. En með tilliti til hins unga aldurs ákærða og þess, að hann hefur ekki áður gerzt sekur um nokkurt lagabrot, þykir mega ákveða refsinguna skilorðsbundna, þannig að henni sé frestað og hún falli niður eftir 3 ár frá uppsögn dóms þessa, ef skilorð 6. kafla hegningarlaganna eru haldin.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans hér fyrir réttinum, Péturs Hannessonar sparisjóðsstjóra, er ákveðast kr. 80.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

**Því dæmist rétt vera:**

Ákærði, Friðrik Guðmann Sigurðsson, sæti 30 daga varðhaldi.

Refsingunni skal frestað og hún falla niður eftir 3 ár frá uppsögn dóms þessa, ef haldin eru skilorð 6. kafla hinna almennu hegningarlaga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns hans, Péturs Hannessonar sparisjóðsstjóra, kr. 80.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

---

Miðvikudaginn 17. janúar 1945.

**Nr. 138/1944. Réttvísing og valdstjórnin**

(Guttormur Erlendsson)

gegn

**Gísli Helgasyni.** (Theodór B. Lindal).

Likamsárás.

**Dómur hæstaréttar.**

Með skírskotun til sakarlýsingar í héraðsdómi þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin samkvæmt þar greindum refsíákvæðum varðhald 15 daga. Ákvæði héraðsdóms um greiðslu bóta og sakarkostnaðar ber að staðfesta.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.